
Breyting á hvíldartíma eldissvæða í Arnarfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 21. mars 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arnarlaxi um fyrirhugaða breytingu á hvíldartíma á eldissvæðum fyrirtækisins í Arnarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Arnarlax – Breyting á hvíldartíma eldissvæða í Arnarfirði. Fyrirspurn um matsskyldu. mars 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. apríl 2019.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 11. júlí 2019.
- Matvælastofnun með bréfi 12. apríl 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum dags. 12. og 15. júlí, 19. og 27. ágúst, 19., 25. og 30. september og 14. október 2019.

Frekari upplýsingar frá Umhverfisstofnun bárust 10. og 30. september og 21. nóvember 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD OG FORSAGA

Forsaga

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá árinu 2011 um að 3.000 tonna framleiðsla Arnarlax í Arnarfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna aukinnar framleiðslu Arnarlax í Arnarfirði um 7.000 tonn frá 2015.

Þann 16. júlí 2018 tilkynnti Umhverfisstofnun framkvæmdaraðila um að stofnunin áformaði að áminna fyrirtækið vegna frávíks er varðaði hvíldartíma eldissvæðis við Hringsdal. Ástæðan var sú að eldissvæðið hafði aðeins verið hvílt í 90 daga en í starfsleyfi var kveðið á um sex til átta mánaða hvíld að lágmarki, líkt og gert var ráð fyrir í undangenginni málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Fyrirhuguð breyting á framkvæmd

Arnarlax stundar sjókvíaelði á þremur sjókvíeldissvæðum í Arnarfirði. Á sjókvíeldissvæði A eru eldissvæðin Haganes og Steinanes, á sjókvíeldissvæði B eru eldissvæðin Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót og á sjókvíeldissvæði C eru eldissvæðin Hringsdalur og Kirkjuból. Eldi fer að jafnaði fram á tveimur



sjókvíeldissvæðum í senn. Seiði eru sett í sjó að sumri og varir eldi í um 14-18 mánuði. Slátrun hefst að jafnaði á öðru ári eldis í sjó og lýkur á því þriðja.

Fyrirhugað breyting á framkvæmd felst í því að lágmarkshvildartími sjókvíeldissvæða verði stytur úr sex til átta mánuðum í níutíu daga.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að ástæða þess að fyrirhugað sé að breyta lágmarkshvildartíma sé sú að fyrirtækið vilji geta nýtt sér þann möguleika á að setja út nýja kynslóð fiska á tveggja ára fresti séu umhverfisaðstæður hagstæðar. Þannig megi nýta betur þau eldissvæði þar sem góð eldisskilyrði eru fyrir hendi.

Frekari gögn sem bárust

Í kjölfar umsagna sem bárust á meðan málsmeðferð matsskylduákvörðunar stóð yfir lagði framkvæmdaraðili fram sérstaka viðbragðsáætlun. Í viðbragðsáætlun er tilgreint hvernig brugðist verður við ef eldissvæði, sem útsetning á að fara fram á, hefur ekki náð ásættanlegu ástandi að lokinni hvíld. Viðbragðsáætlunin tók svo breytingum á meðan málsmeðferð stóð eftir samráð við Umhverfisstofnun.

4 UMHVERFISÁHRIF

Ástand sjávar og botndýralíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að telja megi að styttri hvíld eldissvæða í firðinum komi ekki til með að auka verulega lífrænt álag í firðinum eða breyta umtalsvert áhrifum starfseminnar á ástand sjávar m.t.t. næringarefnaauðgunar og súrefnisástands sjávar umfram það sem nú er.

Samkvæmt framkvæmdaraðila hafi ástand eldissvæða fyrirtækisins í lok hvíldar í heild verið mjög gott. Niðurstöður vöktunar á eldissvæði við Hringisdal hafi leitt í ljós að ástands botnsets hafi verið mjög gott bæði þegar eldi þar var í hámarki og að lokinni þriggja mánaða hvíld árið 2018.

Í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar kemur fram að í dýpsta hluta fjarðarins verður súrefnismagn mjög lágt að hausti og að forsendur burðarþolsmatsins gera ráð fyrir um að helmingur úrgangs frá eldi lendi á minna dýpi en 75 m. Hafrannsóknastofnun telur æskilegt að eldissvæði séu staðsett þannig að úrgangur frá eldi falli ekki allur í dýpsta hluta fjarðarins.

Í greinargerð framkvæmdaraðila eru sýndar myndir af staðsetningu eldissvæða í Arnarfirði og dýpi undir þeim. Samkvæmt þeim upplýsingum sem þar birtast er hlutfall botns sem er dýpri en 75 m innan eldissvæða eftirfarandi: Haganes 43%, Steinanes 1%, Tjaldaneseyrar 74%, Hringisdalur 8%, Kirkjuból 0% og Hlaðsbót 98%.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að vöktun helstu umhverfisþátta í nágrenni eldiskvía og mat á álagi fari fram samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins fyrir tímabilið 2018-2023 sem fylgi þeim viðmiðum og kröfum sem gerðar eru í norska staðlinum NS 9410:2016. Ástand sjávar verði vaktað með mælingum á styrk köfnunarefnis og fosfórs og ástand djúpsjávar með mælingum á hita, seltu og súrefni. Vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs undir eldiskvíum sé unnin í samræmi við staðalinn ISO 17878:2012 og vöktun á uppsöfnun á lífrænu kolefni (TOC), köfnunarefni (N), fosfór (P) og súlfíð (H₂S) í botnseti fari fram samkvæmt stöðlunum ISO 16665:2014 og ISO 5667-19:2004. Vöktunin miði að því að kanna ástand áður en eldissvæði eru tekin í notkun, þegar lífmassi eldissvæðisins er í hámarki og í lok hvíldar eldissvæðis.

Fram kemur að ef niðurstöður vöktunar á lífrænu álagi og ástandi botnsets og botndýralífs gefa til kynna að umhverfisástand sé slæmt eða að eldissvæði beri ekki þá framleiðslu sem þar fari fram verður brugðist við með samráði við leyfisveitendur og eftirlitsaðila um mögulegar úrlausnir svo



sem eins og hvort hvíla beri svæði lengur, minnka eigi lífmassa/lífþyngd á viðkomandi svæði, hvort sýnatökur þurfi að vera tíðari eða fara þurfi í aðrar aðgerðir. Viðbrögð Arnarlax muni taka mið af niðurstöðum rannsókna þegar framleiðsla er í hámarki á hverju eldissvæði. Gefin er einkunn fyrir ástand eldissvæðis sem er á bilinu 1-5 þ.e. 1 Mjög gott, 2 Gott, 3 Sæmilegt, 4 Slæmt og 5 Mjög slæmt (Lokalitetstilstand 1 Meget god, 2 God; 3 Moderat; 4 Dårlig; 5 Svært dårlig). Gefi niðurstöður rannsókna vísbendingu um að ástand sé sæmilegt, slæmt eða mjög slæmt (3, 4 eða 5), verði brugðist við með því að tilkynna það eftirlitsaðila. Í framhaldi sé samráð við eftirlitsaðila um hvaða aðgerða verður gripið til. Ef hins vegar niðurstöður leiða í ljós að ástand eldissvæða sé gott eða mjög gott (1 eða 2), verði eldi framhaldið í samræmi við framleiðsluáætlun.

Umsagnir

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að líklegt sé að við styttri hvíldartíma muni skaðleg langtímaáhrif frá uppsöfnun lífrænna efnasambanda koma fram við og undir kvíum.

Þá bendir Hafrannsóknastofnun á að vel megi vera að mislangur eldistími eigi við um mismunandi eldissvæði á Íslandi. Jafnframt að almennt ríki mikil óvissa um hversu langan tíma það taki fyrir botn undir kvíum að ná viðunandi ástandi eftir eldislotu. Erlendar rannsóknir hafi sýnt að sá tími geti verið frá nokkrum vikum upp í nokkur ár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að samkvæmt rannsóknum stofnunarinnar frá október 2018 hafi eldissvæði við Tjaldaneseyrar borið merki lífrænnar mengunar, samkvæmt myndbandsupptökum, rúmlega ári eftir að slátrun lauk en hvítar sliksjur eða breiður hafi verið áberandi á botni. Grunur var á að um brennisteinskæra bakteríu væri um að ræða. Sjó- og setsýni hafi svo verið tekin í janúar 2019 og erfðaefni úr þeim raðgreint. Niðurstöður bendi til þess að brennisteinskærar bakteríur hafi verið um 30-75% af hlutfallslegum þéttleika baktería í teknum sýnum. Ekki sé hægt að fullyrða að að samsetning baktería sé til komin vegna eldis en til þess séu meiri líkur en minni.

Í svörum Arnarlax við umsögn Hafrannsóknastofnunar er tekið undir það að niðurstöður vöktunar bendi til að mislangur hvíldartími eigi við um mismunandi eldissvæði á Íslandi. Þá segir að í mars 2019 hafi verið gerð viðamikil botndýrarrannsókn þar sem botnsýni hafi verið tekin á eldissvæðinu við Tjaldaneseyrar og að niðurstaða þeirrar vöktunar sé sú að svæðið hafi náð að hreinsa sig og að ástand flokkist sem mjög gott.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að óljóst sé hver viðbragðsáætlun rekstraraðila verði ef niðurstöður mats á ástandi botns sýna að svæðið þarfnast lengri hvíldar eftir þriggja mánaða hvíld. Rekstraraðili greinir ekki frá því hvernig hann hyggist geyma fisk/seiði sem eru tilbúin til útsetningar í fleiri mánuði án þess að setja hann í kvíarnar á meðan svæðið er að jafna sig.

Matvælastofnun telur nauðsynlegt að Arnarlax geri viðbragðsáætlun sem tekur til viðbragða ef tiltekið eldissvæði, sem útsetning á að fara fram á, hefur ekki náð ásættanlegu ástandi að lokinni hvíld að mati Umhverfisstofnunar. Einnig telur Matvælastofnun það skipta miklu máli að niðurstöður úr sýnatökum að lokinni hvíld eldissvæða liggi fyrir áður en útsetning seiða er heimiluð af stofnuninni. Þá þurfa niðurstöður sýnatökunnar að liggja fyrir áður en útsetning seiða er áætluð, niðurstöðurnar þyrftu að berast Umhverfisstofnun sem tæki ákvörðun um hvort heimilt sé að nýta eldissvæðið og þar með hvort Matvælastofnun geti heimilað útsetningu seiða á umrætt eldissvæði. Stofnunin telur viðeigandi að það komi fram í endurútgefnu starfsleyfi Arnarlax ákvæði er varðar ofangreint.

Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar funduðu fulltrúar Arnarlax með Umhverfisstofnun og kynntu fyrir stofnuninni viðbragðsáætlun í tengslum við vöktun á ástandi eldissvæða og hvernig



útleiðingunni seidda yrði háttáð á grundvelli niðurstaða vöktunar. Í samráði við Umhverfisstofnun útfærði framkvæmdaraðili viðbragðsáætlun sína frekar.

Í viðbótum við viðbragðsáætlun eru tilgreind eldissvæði sem mögulegt verður að nota í stað eldissvæða sem uppfylla ekki skilyrði um ástand botns. Endanleg útfærsla á viðbragðsáætlun Arnarlax er því sú að ákvörðun um útleiðingunni verður tekin eftir að niðurstöður úr botnsýnarannsókn, sem framkvæmd er þegar lífmassi er í hámarki, berast. Reynist ástand botns við hámarkslífmassa mjög gott eða gott mun Arnarlax geta sett seiddi út að nýju á eldissvæði eftir 90 daga hvíldartíma. Reynist ástand ekki mjög gott eða gott verður tekin ákvörðun um aðgerðir í samráði við Umhverfisstofnun. Verði niðurstaðan sú að ekki eigi að notast við eldissvæðið eftir einungis þriggja mánaða hvíldartíma þá mun Arnarlax setja seiddi út á öðru eldissvæði.

Afstaða Umhverfisstofnunar til endanlegrar viðbragðsáætlunar er sú að stofnunin telji Arnarlax hafa gert nægjanlega grein fyrir því með hvaða hætti brugðist verði við ef hvíldartíma verði breytt hvort heldur er til lengingar eða styttingar. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að láta bæði Matvælastofnun og Umhverfisstofnun vita ef flytja eigi fisk á milli leyfa, þ.e. ef setja eigi seiddi út á sjókvíaeldissvæðum sem starfrækt eru á grundvelli annarra starfsleyfa en þau sjókvíaeldissvæði sem upphaflega stóð til að setja seiddi út á, þar sem slíkt geti haft áhrif á útreikninga vegna lífræns álags og hættu á sjúkdómum milli leyfa.

Skipulagsstofnun telur, líkt og Hafrannsóknastofnun og Arnarlax, að líkast til eigi mislangur eldistími við um mismunandi eldissvæði. Á það væntanlega við í Arnarfirði líkt og annars staðar. Hafrannsóknastofnun vísar í umsögn sinni til þess að rannsóknir við Tjaldaneseyrar bendi til þess að eldissvæðið sýni merki lífrænnar mengunar rúmlega ári eftir að slátrun þar lauk. Í svari við umsögn stofnunarinnar hafnar Arnarlax því og leggur fram nýjar rannsóknarniðurstöður. Er það mat Skipulagsstofnunar að þau gögn sem Arnarlax vísar til segja ekki til um það hvort botninn hafi náð að hreinsa sig enda voru þær botnrannsóknir sem fyrirtækið vísar til teknar fyrir nýja staðsetningu innan eldissvæðisins þar sem eldi hefur ekki við áður. Það er því enn óvissa um hversu langan tíma eldissvæði þurfa á milli eldislota.

Í álit Skipulagsstofnunar frá 2015 um mat á umhverfisáhrifum 7.000 tonna framleiðsluaukningar Arnarlax í Arnarfirði segir m.a. eftirfarandi:

Skipulagsstofnun telur ljóst að miklar breytingar hafa orðið á botndýralífi undir sjókvíum, sem færast þó líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld verður á uppsöfnun lífrænna leifa eða ef uppsöfnun hættir alfarið. [...] áhrifin [á botndýralíf] verði þannig staðbundin og ráðast af umhverfisaðstæðum á hverjum stað, en eru afturkræf að hluta (hvíld eldissvæða) eða alveg verði eldinu hætt. [...] Skipulagsstofnun telur að undir öllum kringumstæðum sé mjög mikilvægt að fylgt sé áætlun um að hvíla árgangasvæði og þar með sjávarbotn undir sjókvíum. Einnig að hvíld eldissvæða verði stýrt af raunástandi botndýralífs á hverjum stað fyrir sig.

Að mati Skipulagsstofnunar á það sama við nú í tilfelli fyrirhugaðar breytingar á framkvæmd. Stofnunin telur almennt mikilvægt að hvíld eldissvæða verði stýrt af raunástandi botndýralífs líkt og framkvæmdaraðili áformar. Með hliðsjón af boðaðri verktilhöggun, vöktun og viðbragðsáætlun telur Skipulagsstofnun að heimild til að setja út seiddi á eldissvæði eftir þriggja mánaða hvíld í stað sex, leyfi ástand botns, komi ekki til með að valda slíkum neikvæðum umhverfisáhrifum umfram þau áhrif sem búast má við af núverandi framkvæmd að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum með tilliti til áhrifa á botn.

Í áðurnefndu álit Skipulagsstofnunar segir að auki:

Því telur Skipulagsstofnun líklegt að Arnarfjörður geti tekið við lífrænu álagi frá slíku eldi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríki fjarðarins og líklegt sé að vatnshlot, sem Arnarfjörður tilheyrir, uppfylli áfram umhverfismarkmið sem sett eru samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, þrátt fyrir eldið. [...]



Skipulagsstofnun telur að á einstökum eldissvæðum verði áhrif vegna úrgangs frá eldinu talsvert neikvæð á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum og nokkuð neikvæð á innihald uppleystra næringarefna sjávar á stærra svæði út frá eldiskvíum. [...]

Hafa ber í huga að niðurstöður vöktunar á ástandi sjávar og lífríkis í botnlagi fjarðarins geta mögulega leitt til þess að burðarþolið sé ofmetið. Komi sú staða upp má ætla að endurskoða þurfi leyfi til fiskeldis með hliðsjón af lægra burðarþoli. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að mat á burðarþoli verði uppfært í samræmi við frekari mælingar og vöktun á ástandi sjávar í dýpsta hluta Arnarfjarðar, eins og Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á.

Skipulagsstofnun telur ólíklegt að heimild til að stytta hvíldartíma leiði til neikvæðari áhrifa á ástand sjávar en eru vegna núverandi starfsemi í firðinum enda mun ástand eldissvæða stýra útsetningu seiða.

Skipulagsstofnun telur eðlilegt að gerð sé krafa um að niðurstöður vöktunar séu birtar opinberlega og að niðurstöður skuli vera á íslensku.

Laxfiskar

Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að breyting á hvíldartíma eldissvæða feli í sér að eldisfiskur sé í sjó yfir lengra tímabil, en eldismagn sé hins vegar óbreytt. Stytting hvíldar eldissvæða Arnarlax sé ekki talin hafa í för með sér aukna smithættu vegna fisksjúkdóma hjá villtum laxfiskum í Arnarfirði umfram það sem nú sé. Áhrif breytingar séu því metin óveruleg gagnvart smithættu fyrir villta laxfiska. Laxalús geti hins vegar borist á milli svæða óháð tímalengd hvíldartímans. Ákveðin óvissa er um hvort það geti haft í för með sér aukið lúsaálag í firðinum. En með virku eftirliti með laxalús og sér í lagi á viðkvæmu tímabili sjógönguseiða samhliða mótvægisáðgerðum sé hægt lágmarka neikvæð áhrif á villta laxfiska í Arnarfirði.

Fram kemur að ef niðurstöður eftirlits og vöktunar á eldissvæðum leiði í ljós að ástand sé slæmt með tilliti til fjölda lúsa og það uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til eldisins verði brugðist við með lengingu hvíldar eða með öðrum aðgerðum.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að Arnarlax hafi verið undir óháðu eftirliti dýralæknis og fisksjúkdómafræðings frá Fish Vet Group sem fylgist með ástandi eldisfisks með tilliti til fisksjúkdóma og sníkjudýra eins og fiski- og laxalúsar. Arnarlax fylgi leiðbeiningum Matvælastofnunar um verklag við lúsatalningar og hafi fyrirtækið sett sér verklagsreglur er tilgreina kerfisbundið eftirlit með laxalús og fiskilús. Fari hitastig sjávar yfir 4°C fari fram vikuleg talning og greining á laxalús og fiskilús. Gefi niðurstöður vísbendingu um að lúsasmit gæti farið yfir ákveðin mörk sé haft samband við dýralækni fisksjúkdóma. Það gerist þegar kynþroska kvenlús verði fleiri en tvær á eldisfiski eða ef óvænt aukning verði á laxalús eða fiskilús. Dýralæknir meti ástandið og leggur til aðgerðaráætlun sem svo sé lögð fyrir fisksjúkdómanefnd. Fisksjúkdómanefnd taki svo endanlega ákvörðun um aðgerðir. Til varnar smiti laxalúsar hefur Arnarlax, eins og áður hefur komið fram, skilgreint verklag við eftirlit með lús á eldisfiski, viðhefur reglubundna hvíld og kynslóðaskipt eldi og er að prófa notkun á svokölluðum lúsapilsu og hrognkelsaseiðum til varnar lúsasmiti á hluta eldissvæða sinna.

Umsagnir

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að stofnunin telji að 90 daga hvíld nægja vegna sjúkdómavarna.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að mögulegt sé að laxa- og fiskilúsarálag muni aukast með styttingu hvíldartíma.

Svari Arnarlax við umsögn Hafrannsóknastofnunar fylgdi einnig yfirlýsing frá Matvælastofnun þar sem vísað er til umsagnar fyrrnefndu stofnunarinnar og eftirfarandi tekið fram:



MAST hefur við fleiri tækifæri lýst þeirri skoðun sinni að áhrif laxalúsarsmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaldissvæða sem Arnarlax hefur yfir að ráða í dag þykir þessi hættu ekki til staðar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að notast hafi verið við lyf gegn sníkjudýrum í eldi í Arnarfirði og að áhyggjuefni sé hvaða áhrif meðferð við laxa- og fiskilús geti haft á annað líf í Arnarfirði en erlendar rannsóknir bendi til þess að þessi efni geti verið banvæn rækjutegundum og öðrum krabbadýrum.

Í svörum Arnarlax við umsögn Hafrannsóknastofnunar er vakin athygli á heimild Matvælastofnunar skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 til að krefjast aukins hvíldartíma ef lúsaálag er of mikið.

Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Með hliðsjón af umsögn Matvælastofnunar, þar sem fram kemur að það sé álit stofnunarinnar að 90 daga hvíld nægi vegna sjúkdómavarna, og að hægt er að grípa til ráðstafana eins og að auka hvíld aftur eða draga úr umfangi eldis til að draga úr áhrifum eldisins á lífríki telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð breyting á eldinu komi til með hafa umtalsverð umhverfisáhrif á laxfiska.

Samt sem áður telur Skipulagsstofnun mikilvægt að við leyfisveitingar verði horft til þess að laxa- og fiskilús hefur komið upp í eldi Arnarlax í Arnarfirði og gripið hefur verið til lyfjanotkunar þrjú ár í röð vegna þess.

Í nóvember 2019 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrsluna Lyf gegn laxalús, virkni áhrif og notkun. Þar er að finna samantekt á rannsóknnum sem gerðar hafa verið á áhrifum lyfja gegn laxalús. Af lestri skýrslunnar má vera ljóst að notkun lyfja gegn laxalús kann að fela í sér slæmar afleiðingar fyrir annað lífríki. Meðal annars kemur fram að endurtekin notkun lyfja haft sérstaklega slæmar afleiðingar.

Með hliðsjón af endurtekinni notkun lyfja og mögulegra skaðlegra áhrifa þeirra telur Skipulagsstofnun rétt að leyfisveitendur tryggi að í leyfum sé skýrt kveðið á um heimildir til að bregðast við vegna mögulegra afleiðinga þess ef laxa- og fiskilús ásamt lyfjameðhöndlun verði viðvarandi í eldi í Arnarfirði. Bæði vegna mögulegra áhrifa lúsar á villta laxfiska sem og vegna mengunaráhrifa lyfja á annað lífríki.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða styttingu á lágmarkshvíldartíma á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði úr 6-8 mánuðum í 3 mánuði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 og 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem þegar hefur fengið málsmeðferð á grundvelli IV. kafla laga nr. 106/2000. Þessi ákvörðun snýr eingöngu að því hvort sú breyting, þ.e. stytting á hvíldartíma, sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér umfram þau áhrif sem vænta má af óbreyttri framkvæmd.



Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem álagsþoli náttúrunnar, einkum með tilliti til strandsvæða og kjörlenda dýra, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og tímalengd og tíðni áhrifa á tilteknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð breyting á fyrirkomulagi hvíldartíma felur ekki í sér breytingu á stærð og umfangi framkvæmdar. Þá felur hún ekki í sér nýtingu náttúruauðlinda eða aukna úrgangsmýndun. Fyrirhuguð breyting kann að fela í sér aukið álag á tilteknum svæðum en minna á öðrum.

Að mati Skipulagsstofnunar kunna áhrif af breyttum hvíldartíma fyrst og fremst að felast í auknu álagi á botndýralíf og ástand sjávar á tilteknum svæðum sem og mögulega aukinni hættu á að fisksjúkdómar og snikjudýr nái fótfestu í eldiskvíum með mögulegum áhrifum á villtra laxfiska í nágrenni fiskeldis. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af vöktun og mögulegum mótvægisáðgerðum, þ.m.t. mögulegum viðbrögðum og inngripum leyfisveitenda ef tilefni er til, þá er breyttur hvíldartími ekki líklegur til að valda verulegum óafturkræfum umhverfisáhrifum. Ólíklegt er að breyttur hvíldartími hafi sammögnunaráhrif með öðru eldi þar sem almennt er gerð krafa um samræmda hvíld og samvinnu eldisaðila þar sem tilefni er til sbr. 5. gr. reglugerðar um fiskeldi.

Skipulagsstofnun telur rétt að í starfsleyfi séu skýr ákvæði um hvernig vöktun og samráði við Umhverfisstofnun skuli vera háttað í aðdraganda útsetningar seiða sem og hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo heimilt sé að setja seiði út á eldissvæði.

Fyrir liggur að lúsalyf hafa verið notuð þrjú ár í röð í eldi í Arnarfirði en lúsalyf kunna að hafa neikvæð áhrif á lífríki í nágrenni sjókvía. Til þess að fá leyfi til notkunar slíkra lyfja þarf heimild Matvælastofnunar að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd. Það er því í höndum opinberra aðila að heimila slíka notkun en þeir geta jafnframt tekið ákvörðun að rétt sé að grípa til annarra ráðstafana ef tilefni er til. Með hliðsjón af því að stjórnvöld eru bundin af megin sjónarmiðum 8.-11. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 7. gr. laganna má telja ólíklegt að lyfjanotkun verði viðvarandi til lengri tíma vakni grunur um að hún hafi slæm áhrif á lífríki Arnarfjarðar.

Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í 4. kafla varðandi frekari rökstuðning fyrir niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. janúar 2020.

Reykjavík, 11. desember 2019

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson